

## Sex mánaða uppgjör Landsvirkjunar

### Rekstrartekjur ná fyrri styrk

#### Helstu atriði árslutareiknings

- Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði nam 99,3 milljónum USD (12,2 ma.kr.), en var 73,2 milljónir USD á sama tímabili árið áður og hækkar því um 35,7%.<sup>1</sup>
- Hagnaður tímabilsins var 55,1 milljón USD (6,8 ma.kr.) en var 43,6 milljónir USD á sama tímabili árið áður.
- Rekstrartekjur námu 262,0 milljónum USD (32,2 ma.kr.) og hækka um 34,9 milljónir USD (15,4%) frá sama tímabili árið áður.
- Nettó skuldir lækkuðu um 84,7 milljónir USD (10,4 ma.kr.) frá áramótum og voru í lok júní 1.591,1 milljón USD (195,7 ma.kr.).
- Handbært fé frá rekstri nam 163,5 milljónum USD (20,1 ma.kr.), sem er 26,1% hækkun frá sama tímabili árið áður.

#### Hörður Arnarson, forstjóri:

„Rekstrarumhverfi fyrirtækisins hélt áfram að batna á öðrum fjórðungi ársins. Hagur viðskiptavina hélt áfram að vænkast, en þeir hafa jafnt og þétt aukið raforkunotkun sína og keyra flestir á fullum afköstum, auk þess sem spurn eftir framleiðslu þeirra hefur náð fyrri styrk og er í mörgum tilvikum meiri en hún var í upphafi faraldursins. PCC Bakki Silicon endurræsti verksmiðju sína, gerðir voru raforkusamningar við Verne Global og Advania Data Centres og í júlí var gerður nýr samningur við Norðurál, sem gerir fyrirtækinu m.a. mögulegt að auka verðmæti framleiðslu sinnar. Meðalverð á Nord Pool raforkumarkaðinum var um 50 Bandaríkjadalir á megavattstund, og hafði fjórfaldast frá síðasta ári. Samkeppnisstaða Landsvirkjunar hefur því styrkst. Meðalverð raforku Landsvirkjunar til stórnotenda var á sama tíma rúmur 28 dalir á megavattstund og hefur ekki áður verið hærra.


Afkoma fyrri árshelmingis ber þessa bata greinileg merki. Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði, sem er sá mælikvarði sem við lítum til við mat á rekstri fyrirtækisins, hækkaði um tæplega 36% frá sama tímabili árið 2020. Þá lækkuðu nettó skuldir um 10,4 milljarða króna á fyrri helmingi ársins. Þetta eru ánægjulegar niðurstöður, ekki síst í ljósi þeirrar stöðu og óvissu sem var uppi á síðasta ári vegna kórónuveirufaraldursins, en lánshæfiseinkunn okkar hjá S&P var hækkuð um einn flokk í júní, með vísan til sterkrar fjárhagsstöðu og frammistöðu starfsmanna við að takast á við þær áskoranir sem fylgt hafa faraldrinum.

Spurn eftir endurnýjanlegri orku fer nú ört vaxandi, samhliða aukinni áherslu á loftslagsmál, enda snúast loftslagsmálin fyrst og fremst um að skipta út jarðefnaeldsneyti fyrir endurnýjanlega orku samhliða áherslu á orkusparnað. Nú eru það í síauknum mæli neytendur og fyrirtæki sem drífa áfram þróunina, en áður voru það fyrst og fremst stjórnvöld og alþjóðasamtök. Þetta mun skapa mikil tækifæri fyrir Íslendinga til að skapa enn frekari efnahagsleg verðmæti og störf, auk þess að vera verðmætt framlag til loftslagsmála.“

<sup>1</sup> Til viðmiðunar eru sýndar íslenskar krónur, notast var við gengi USD/ISK 123


## Rekstur

### Þróun rekstrartekna




Rekstrartekjur taka við sér á ný eftir miklar sviptingar á markaðsumhverfi Landsvirkjunar á síðasta ári og námu þær 262 m. USD á fyrstu sex mánuðum ársins sem er 15% hækkun miðað við sama tímabil árið áður. Alþjóðlegir hrávöru- og orkumarkaðir hafa hækkað mikið á árinu, eftir að hafa fundið fyrir miklum þrýstingi samhliða COVID veirufaraldrinum sem hófst á síðasta ári.

### EBITDA og EBITDA hlutfall




Rekstrar- og viðhaldskostnaður hækkar um 10% á milli ára og nam rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA, 196 m. USD á fyrri árshelmingi. Það er 29 m. USD hækkun frá sama tímabili árið áður.

## Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði



Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði er sá mælikvarði sem Landsvirkjun horfir til við mat á grunnrekstri fyrirtækisins. Hagnaðurinn nam 99 m. USD á fyrri hluta árs, sem er 36% hækkun miðað við sama tímabil árið áður.


## Áhrifaþættir á hagnað fyrir óinnleysta fjármagnsliði - H1 2021




## Sterk fjármunamyndun

Fjármunamyndun fyrirtækisins (handbært fé frá rekstri) var um 164 m. USD á fyrri helmingi ársins, sem er 34 m. USD hærra en á sama tímabili árið áður. Nettó skuldir (vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé fyrirtækisins) lækkuðu um 85 m. USD frá áramótum.

### Nettó skuldir og eiginfjárhlutfall



Handbært fé nam 189 m. USD í lok annars ársfjórðungs, sem er um 97 m. USD hækkun frá árslokum 2020.



### Horfur í rekstri

Viðsnúningur hefur orðið á rekstri Landsvirkjunar á fyrri hluta árs eftir erfitt efnahagsástand sem fylgdi COVID-19 faraldrinum. Alþjóðlegir hrávöru- og orkumarkaðir hafa rétt úr kútnum á þessu ári og mun afkoma Landsvirkjunar halda áfram að ráðast of þróun þeirra og eftirspurn viðskiptavina.

Reykjavík, 20. ágúst 2021  
 Nánari upplýsingar veitir:  
 Rafnar Lárusson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs  
 s. 515 9000

## Um árslutareikninginn

Árslutareikningur Landsvirkjunar er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum (IFRS) og er hann í Bandaríkjadölum sem er starfrækslugjaldmiðill móðurfélagsins.

## Helstu stærðir árslutareiknings í þúsundum Bandaríkjadala:

	<b>2021</b>	<b>2020</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>
	<b>1.1.-30.6.</b>	<b>1.1.-30.6.</b>	<b>1.1.-30.6.</b>	<b>1.1.-30.6.</b>	<b>1.1.-30.6.</b>
<b>Rekstur</b>					
Rekstrartekjur .....	276.983	223.281	255.523	273.946	234.172
Innleystar áhættuvarnir .....	( 15.020)	3.819	4.195	( 4.402)	( 1.812)
<b>Rekstrartekjur samtals</b> .....	<b>261.963</b>	<b>227.100</b>	<b>259.718</b>	<b>269.544</b>	<b>232.360</b>
Rekstrar- og viðhaldskostnaður .....	( 65.962)	( 59.745)	( 61.525)	( 71.789)	( 64.676)
<b>EBITDA</b> .....	<b>196.001</b>	<b>167.355</b>	<b>198.193</b>	<b>197.755</b>	<b>167.684</b>
Afskriftir og virðisrýrnun .....	( 68.907)	( 63.848)	( 67.400)	( 61.839)	( 58.321)
<b>Rekstrarhagnaður (EBIT)</b> .....	<b>127.094</b>	<b>103.507</b>	<b>130.793</b>	<b>135.916</b>	<b>109.363</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	( 27.802)	( 30.344)	( 34.402)	( 49.192)	( 34.231)
<b>Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði</b> .....	<b>99.292</b>	<b>73.163</b>	<b>96.391</b>	<b>86.724</b>	<b>75.132</b>
<b>Óinnleystir fjármagnsliðir:</b>					
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða .....	21.400	( 19.626)	765	( 29.133)	35.816
Gangvirðisbreytingar annarra afleiða .....	( 38.871)	( 29)	( 3.431)	14.046	( 2.951)
Óinnleystur gjaldeyrismunur .....	942	9.824	8.419	10.037	( 48.495)
	( 16.529)	( 9.831)	5.753	( 5.050)	( 15.630)
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b> .....	<b>82.763</b>	<b>63.332</b>	<b>102.144</b>	<b>81.674</b>	<b>59.502</b>
Tekjuskattur .....	( 27.662)	( 19.770)	( 33.586)	( 27.167)	( 19.789)
<b>Hagnaður</b> .....	<b>55.101</b>	<b>43.562</b>	<b>68.558</b>	<b>54.507</b>	<b>39.713</b>
<b>Efnahagur</b>	<b>30.6.2021</b>	<b>30.6.2020</b>	<b>30.6.2019</b>	<b>30.6.2018</b>	<b>30.6.2017</b>
Eignir samtals .....	4.462.475	4.332.388	4.355.140	4.486.572	4.379.436
Eigið fé samtals .....	2.234.624	2.201.115	2.191.134	2.099.502	1.995.963
Skuldir samtals .....	2.227.851	2.131.273	2.164.006	2.387.070	2.383.473
Nettó skuldir .....	1.591.137	1.631.302	1.758.546	1.992.640	2.017.227
<b>Lykiltölur</b>					
Handbært fé frá rekstri .....	163.540	129.654	159.892	149.239	142.366
Fjárfestingar .....	( 56.808)	( 40.201)	( 32.255)	( 96.656)	( 117.767)
Fjármögnun .....	( 10.692)	( 92.586)	( 165.788)	( 66.682)	( 62.681)
Lausafé alls .....	379.412	285.523	422.964	491.026	510.647
Eiginfjárlutfall .....	50,1%	50,8%	50,3%	46,8%	45,6%
Arðsemi eiginfjár .....	4,1%	4,1%	6,4%	6,2%	3,7%
Vaxtaþekja (EBITDA/nettó vaxtagjöld) .....	6,44x	5,43x	5,70x	4,77x	5,32x
Nettó skuldir / EBITDA .....	4,48x	4,69x	4,51x	5,30x	6,42x

## Um Landsvirkjun

Landsvirkjun var stofnuð árið 1965 og er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar. Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka verðmæti þeirra endurnýjanlegu orkulinda sem fyrirtækinu er trúað fyrir, með sjálfbærni og hagkvæmni að leiðarljósi. Framtíðarsýn Landsvirkjunar er sjálfbær heimur, knúinn endurnýjanlegri orku. Fyrirtækið vinnur um 70% allrar raforku á Íslandi úr endurnýjanlegum orkugjöfum, vatnsafla, jarðvarma og vindi. Um leið er fyrirtækið leiðandi í sjálfbærri nýtingu orkugjafa og stuðlar að aukinni þekkingu, nýsköpun og tækniþróun.